

Fundargerð

Kópavogi, 23.2.2017

Tilvísun: 2017-2893

Efni fundar: Fundur fagraðs náms- og gæðamats

Fundarmenn: Anna Lind Pétursdóttir, Fjóla Þorvaldsdóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir frá 10:36, Gylfi Jón Gylfason, Jón Pétur Zimsen, Margrét Halldórsdóttir frá 10:10 (um Skype)

Fjarverandi: nöfn í stafrófsröð

Fundarritari: Óskar H. Niélsson

Dagskrá fundar:

- a) Kynning á verkefnum matssviðs
- b) Greining og birting á PISA niðurstöðum hvers skóla.
- c) Önnur mál

Umræður og ákvarðanir:

GJG setti þennan annan fund fagraðs náms- og gæðamats Menntamálastofnunar kl. 10:05 og las upp fundargerð síðasta fundar sem að var samþykkt með minniháttar breytingum.

Dreift var glærum þar sem tiltekin voru helstu verkefni sviðsins og kynnti GJG starfsemina ásamt ágripi á aðdraganda stofnunar Menntamálastofnunar. Benti á að umsvif verkefna væru oft á tíðum jafn umfangsmikil og í nágrannalöndum en MMS hafi úr minni fjármunum að spila. Einnig að verkefni væru afhent stofnuninni af MMRN til framkvæmda en fjármagn sem fylgdi með væri oft ekki til staðar. MH spyr hvort að stofnunin sækji fjármagn og segir GJG að svo sé en gangi hægar en ákjósanlegt sé. Sem dæmi nefnir GJG að um 30 fyrirspurnir hafi borist frá sveitarfélögum um greiningar og þá helst frá minni sveitarfélögum sem að ekki hafa burði til greininga á eigin spýtur.

Að kynningu lokinn var orðið gefið laust. JPZ tekur fram að MMS sé virkara en fyrirrennarar stofnunarinnar og þjónusta meiri og betri en áður. Einnig að samskipti séu betri milli skóla og stofnunarinnar. MH tekur undir og tekur fram að stofnunin sé sýnileg og spyr um hvernig skuli staðið að mati á kennslu eins og kemur fram á glæru nr. 4 um hlutverk stofnunarinnar. GJG segir frá samtali við sveitarfélögin um hvernig skuli standa að mati á kennslu. Markmið stofnunarinnar og sýn er að matið skuli vera nær rauntíma en í dag, t.d. mælaborðshugsun eða árleg mat ætlað skólastjórum. ALP tekur undir skoðanir fundarmanna um breytt viðmót frá MMS og undirstrikar mikilvægi mats og færniviðmiða, þ.e. séu nemendur á réttri leið er kennarinn líka á réttri leið með sína kennslu og að ef að færniviðmiðum sé náð skiptir endilega ekki höfuðmáli hvað leið hafi verið farin. AL segir frá námskrártengdum mælitækjum sem að notuð eru í Minesota USA og bendir á þau spennandi tækifæri sem að felast í rafrænum prófum. MH bendir á að ekki er samasemmerki milli kennslu og niðurstöðu því fleiri breytur skipti máli og þá sér í lagi í minni samfélögum. Þrátt fyrir að oft sé staðan sú að sömu kennarar ná árangri þegar skoðuð eru samræmd próf. GR tekur einnig undir og segir að MMS sé sýnilegra og samskipti auðveldari. GR tók einnig fram að þrátt fyrir aukið samráð sé ekki jákvætt að t.d. hafi fagrað verið spurt um álit á ritunarþætti rafrænna prófa en svo hafi verið tekið fram á kynningarfundum um allt land að ritunarþátturinn hafi verið felldur út. GJG sagði þetta vera rétt, mistök hefðu orðið og að rætt hefði verið við viðkomandi starfsmann. FP tók einnig undir að jákvætt væri að samráð hefði aukist og að margt væri betur gert en áður. Tók einnig fram að huga þyrfti að eftirfylgni mats, því að ef skólastjórnendur þyrftu

litlar áhyggjur að hafa af mati þar sem engin væri eftirfylgnin. JPZ tók en benti á að ekkert gagn væri af sýnarráði. En það að tekið hefði verið á dagskrá mál frá honum komið sýndi hins vegar að svo væri ekki. MH tekur undir með að MMS hafi staðið sig vel og almenna ánægju með mat á skólasterfi en að eftirfylgni frá MMS eða MMRN vanti.

Rætt var að mikið sé til af gögnum hjá MMS sem að nothæf séu við mat á skólasterfi. JPZ tekur fram að uppi séu meðal skólastjórnenda og kennara óskir um frekari gögn til skólanna og í raun sem mest af gögnum því það gagnist skólasterfi og skólaþróun. .

Fagråd tekur til umfjöllunar lið b) af dagskrá um birtingu PISA niðurstaðna fyrir hvern skóla og hefur JPZ stutta kynningu á því máli. Fundarmenn hafa kynnt sér málið og leggja til að fundarritari taki saman stutta greinargerð um hvernig stofnunin geti brugðist við.

Fagråd ályktar að: Niðurstöður PISA verði gerðar aðgengilegar hverjum skóla en mikilvægt sé að aðstoð og eftirfylgni verði til staðar sem og að trúnaðar sé gætt í hvívetna.

Rætt var um eðli upplýsinganna og almennur samhljómur fundarmanna um að birta eigi gögn því að eftir þeim sé óskað en mikilvægt sé að stuðningur, eftirfylgni og ráðgjöf sé til staðar.

Önnur mál:

FÞ leggur fram mál frá enskukennurum í Skagafirði. athugasemdir um hæfniviðmið í aðalnámskrá grunnskóla. Ákveðið að FÞ hafi milligöngu um að beina þessum athugasemdum beint til Óskar H. Níelssonar sem að heldur utan um þann málaflokk.

GR spyr um stöðu endurskoðunar og athugasemda sem að borist hafa MMS um einkunnagjöf og hæfniviðmiða list og verkgreina. GJG segir að fundað hefur verið með fagfélögum kennara og athugasemdum komið á framfæri við MMRN. Athugasemdir muni einnig nýtast í vinnu við endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla.

GJG kynnir fyrstu samantekt vegna lesfimi og óskar eftir að fagråd komi með tillögu að því hvernig staðið sé að kynningu þessara gagna og að það verði tekið fyrir á dagskrá næsta fundar.

Óskað er eftir að fundir verði einnig boðaðir um Outlook Calender

MH verður á Skype sambandi á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 11:36.

Næsti fundur: 22. mars kl. 08.15.

ÓHN